

MENNING

Margradda heild

MYNDLIST

Sýningarsalur Orkuveitunnar, 100°

Straumar, blönduð tækni
Guðbjörg Lind Jónsdóttir, Guðrún Kristjánsdóttir, Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá

Til 25. október. Opló mánudaga til föstudaga frá kl. 8.30–16.

PETTA er ekki fyrsta samsýning þeirra Guðbjargar Lindar, Guðrúnar og Kristínar en þær hafa sýnt í Listasafni ASÍ og Santiago de Compostela á Spáni. Samvinna þeirra hefur jafnan verið lánsóm og snertifletir verka þeirra margir og áhugaverðir, bæði sýnilegir og undirliggjandi. Það sem einna helst einkennir samstarfið er tilfinning fyrir hægum rytma, endurtekningu og látleysi. Hér er enginn æsingur á ferð heldur norræn kúlheit, dramað er í lágmarki en þó er það frekar æðruleysi en skapleysi sem einkennir verkin. Listakonurnar virða allar umhverfi sitt vandlega fyrir sér og skoðun þeirra tekur langan tíma, hún tekur birtubrigði lífsins með í reikninginn.

Þessi skoðun birtist á mismunandi hátt í verkum þeirra. Kristín Jónsdóttir frá Munkaþverá er sú eina þeirra sem notar orð og texta í verkum sínum. Hingað til hefur hún aðallega notað heiti, nöfn bóndabæja, mannanöfn, örnefni, og oftlega sett þau fram á gegnsæjum plötum sem varpa skuggum. Hér hefur Kristín leitað til íslenskra skálda í leit að ljóðlínunum sem fjalla á einhvern hátt um vatn, strauma o.fl. Ljóðlínunum hefur hún valið leturtýpu sem annaðhvort er hennar eigin snotra rithönd eða tölvuletur. Letrinu kemur hún fyrir á bütum af gegnsæjum plexíglersleiðslum sem varpa skugga letursins á vegginn svo oftast nær er það læsilegt aðeins sem skuggi. Skáldin sem hún leitar til eru mörg og hugsunin á bak við verkið er lunkin en þó nær þetta verk ekki að snerta við áhorfandanum eins og best væri á kosið, ef til vill vegna þess hversu ljóðlínurnar eru sundurslitnar og ná þar afleiðandi síður markmiði sínu. Margs kyns hugrenningar má líka tengja við leiðslurnar, um ljóðlist, vatn, vatnsleiðslur o.fl. en þetta nær sér heldur ekki alveg á strik og að mínu mati þyldi verkið vel dramatískari útfærslu. Annað verk eftir Kristínu samanstendur af mörgum teikningum sem minna á ár-línur á landakorti, línur í lófa, hrukkur í húð, einnig hér er heildarsvipurinn lágreistur og lítið um hápunkta.

Guðrún Kristjánsdóttir sýnir málverk í glugga og á vegg, einnig myndband sem tengist þessu verki. Guðrún hefur lengi rannsakað landslag í málverkum sínum og á undanförunum árum hafa skilin milli hönnunar og myndlistar orðið æóljósari í verkum hennar, þannig eru sum verka hennar um þessar mundir í formi veggfóðurs. Gluggaverkið og systir þess hér koma mjög fallega út og eru síbreytileg eftir birtu, gluggaverkið teiknar sig t.d. skýrt á gólfið ef sólin skín. Veðurskrift nefnir Guðrún verk sitt, en það er síbýlja rigningar á rúðu sem er viðfangsefni hennar og hún vinnur vel úr. Myndbandið sýnir skemmtilega tilurð verksins og skerpir tilfinninguna fyrir listamanninum sem er kyrr; horfir, hlustar, túlkar og skapar, sem er ríkjandi á sýningunni í heild. Guðrún er á spennandi og hættulegum mörkum listar og hönnunar, en fer ekki yfir strikið. Það er þó stutt yfir í mynstur og fjöldaframleiðslu í verkum hennar sem gæti hugsanlega bitnað á dýptinni.

Guðbjörg Lind er síðan með allflókna innsetningu innst í rýminu, þar sem saman koma málverk á glerplötur, skúlptúrar og olíumálverk á striga. Eins og hjá hinum tveimur er viðfangsefni Guðbjargar landslag í einhverri mynd. Hún hefur málað mikið af olíumyndum af ímynduðu landslagi, fossum, skerjum og fleiru en hér er það mýrarmosi sem er í aðalhlutverki. Ég á þó erfitt með að

tengja verk hennar saman, glerplötur hennar byggjast á gegnsæi, þokukendum, ljósum litum sem minna á þokudag á heiði og tilheyra þeirri rómantísku og hástemmdu landslagshefð sem tíðkaðist á 19. öld þegar náttúran var upphafin og í henni mátti sjá handbragð almættisins. Olíumálverkin sem sýna ímyndað landslag með mosa eru fantasíukennd, svo óraunverulegt er myndefnið. Á borði með spegilplötu hefur mosa síðan verið raðað í mynstur áþekkt því sem sjá má á málverkunum, eins og um líkan sé að ræða, hjólaborð við hliðina með meira hráefni styrkir þessa hug-

mynd. Í einu horni rýmisins hefur mosa verið komið fyrir á gólfinu og haldið áfram með hann fyrir utan gluggann, innsetningin brýst þannig út úr rýminu – eða inn í það. Þessi margbrotna nálgun á viðfangsefninu vekur vissulega til umhugsunar. Ef til vill má líta svo á að Guðbjörg leitist hér við að sýna ólíkar hliðar á sama myndefni, hún velti fyrir sér viðhorfi okkar til landslags fyrr og nú. Umbreytingu náttúrunnar úr einhverju háleitu sem við stóðum lítill og vanmegnug andspænis, í hráefni sem maðurinn mótar að vild.

Saman skapa listakonurnar lágstemmda en þó margradda sýningu, engin þeirra hefur hátt en þær hafa allar eitthvað að segja og það er þess virði að leggja við hlustirnar.

Ragna Sigurðardóttir



Morgunblaðið/Árni Sæberg

Innsetning Guðbjargar Lindar, „Þar sem ég má næðis njóta“.